

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 227/1998.

**Ákærvaldið**

(Sigríður Friðjónsdóttir,

settur saksóknari)

gegn

**Péttri Júlíussyni**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Fjárdráttur. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar 18. maí 1998 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds. Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst þess, að refsing sín verði ákveðin svo væg sem lög leyfa.

**I.**

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða fyrir þá háttsemi, sem honum var gefin að sök í ákæru 16. janúar 1998. Er sú háttsemi réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

**II.**

Í ákæru 20. janúar 1998 var ákærði borinn sökum um fjárdrátt með því að hafa í júní 1997 í starfi hjá Kjarri ehf. dregið félaginu 300.000 krónur, sem hann hafi tekið við 14. maí sama árs úr hendi Garðars Jónssonar „sem inngreiðslu vegna fyrirhugaðra kaupa á bifreið, sem félagið hafði milligöngu um fyrir Garðar“. Var þetta talið varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Meðal gagna málsins er skjal, dagsett 14. maí 1997, með yfirskriftinni: „Bílar frá Canada – Pöntun“. Við fyrirsögnina „kaupandi“ í upphafi skjalsins segir, að Garðar Jónsson geri skuldbindandi pönt-

un á bifreið, en við fyrirsögnina „seljandi“ segir: „Seljandi bifreiðarinnar er Kjarr ehf. . . “. Er bifreiðinni síðan lýst þannig, að hún sé af gerðinni Ford Econoline, árgerð 1996, og ekin um 10.000 km. Verð hennar fullbúinnar til afhendingar skyldi vera 3.150.000 krónur, og er tekið sérstaklega fram, að frekari greiðslur þyrfti kaupandi ekki að inna af hendi. Við fyrirsögnina „greiðsluskilmálar“ segir eftirfarandi: „Seljandi tekur við innborgun, 300.000 kr., sem lögð verður inn á reikn. 0528-14-600728. Kaupandi hyggst fjármagna kaupin að öðru leyti með því að veðsetja bifreiðina fjármögnunarfyrirtækinu Lýsingu hf., og rennur andvirði lánsins til seljanda.“ Samkvæmt skjalinu átti að afhenda bifreiðina í síðasta lagi 10. júní 1997. Undir það rituðu sem kaupandi Garðar Jónsson, en ákærði „f. h. seljanda“.

Af skjali þessu verður ekki annað ráðið en með því hafi verið samið um kaup á bifreið með þeim auðkennum, sem áður greinir, og seljandi hennar hafi verið Kjarr ehf. Gagnstætt þessu liggur ekkert fyrir í málinu til stuðnings því, að Kjarr ehf. hafi aðeins átt að hafa milligöngu um viðskipti Garðars Jónssonar við erlendan eiganda bifreiðar eða að Garðar hafi áfram átt að skoðast eigandi að fjárhæðinni, sem hann greiddi inn á kaupverðið, og hún hafi þannig aðeins verið í vörslum félagsins. Er ekki unnt að fallast á, að sýnt hafi verið nægilega fram á, að ákærði hafi í þessu sambandi gerst sekur um háttsemi, sem varðað geti við 247. gr. almennra hegningarlaga. Verður hann því sýknaður af þessu ákæruefni.

Með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kröfu Garðars Jónssonar um bætur vegna framangreindrar háttsemi ákærða vísað frá héraðsdómi.

### III.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði gerst sekur um að hafa dregið sér samtals 1.987.587,50 krónur, sem hann tók við vegna viðskipta við Rauða kross Íslands, sem um ræðir í ákæru 16. janúar 1998. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þegar þessa er gætt, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Er rétt að fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum, ef ákærði

heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Júlíusson, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal framkvæmd sex mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. apríl 1998.**

Mál þetta er höfðað með tveimur ákærum á hendur ákærða, Péttri Júlíusyni, kt. 210359-7299, Reyrengi 6, Reykjavík, í fyrsta lagi með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 16. janúar sl., á hendur ákærða „fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið sér 1.987.587,50 kr., sem Rauði kross Íslands, kt. 620780-3329, greiddi Umboðsversluninni Brosi ehf., kt. 440175-0159, Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, með þremur greiðslum, 1.200.000 kr. 13. júní 1995, 37.587,50 kr. 30. apríl 1996 og 750.000 kr. 23. júlí 1996, vegna kaupa Rauða kross Íslands á sjúkrabifreið frá fyrirtækinu Emergency One Inc., Bandaríkjunum, og áætlaðra breytinga á bifreiðinni hér á landi, en ákærði hafði milligöngu um viðskiptin fyrir hönd Umboðsverslunarinnar Bross ehf. og tók við greiðslunum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Baldvin Björn Haraldsson hdl. fyrir hönd Rauða kross Íslands bóta, að fjárhæð 3.400.000 kr., með dráttarvöxtum af 1.100.000 kr. frá 14. 11. 1996 til 21. 11. 1996, en af 2.100.000 kr. frá þeim degi til 5. 12. 1997, en af 3.400.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu alls kostnaðar vegna innheimtu kröfunnar og við að halda henni fram í opinberu máli“.

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 20. janúar sl., á hendur ákærða „fyrir fjárdrátt með því að hafa í júní 1997 sem aðaleigandi fyrirtækisins Kjarrs ehf., kt. 490195-2389, dregið féluginu 300.000 kr., sem hann tók við 14. maí sama ár hjá Garðari Jónssyni, kt. 250358-5639, sem inngreiðslu vegna fyrirhugaðra kaupa á bifreið, sem félagið hafði milligöngu um fyrir Garðar.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Halldór P. Birgisson hdl. skaðabóta, 300.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 15. maí 1997 til greiðsludags“.

#### *Málavextir.*

Fyrri ákæra:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa dregið sér 1.987.587,50 krónur, sem Rauði kross Íslands hafi greitt honum í þrennu lagi vegna kaupa á sjúkra-bifreið og breytinga á henni. Ákærði tekur fram, að hluta af þessu fé hafi hann varið til að kosta ferðir Rauða kross-manna og hótélkostnað erlendis, en annars hafi fé þetta farið í rekstur fyrirtækis ákærða, sem hafi haft með höndum bílannflutning. Hann leggur áherslu á, að þetta hafi ekki verið sviksamlega hugsað í upphafi. Hafi þetta farið svona hjá sér og Rauði krossinn ekki fengið bílinn í hendur nema með því að borga fyrir hann aftur að hluta. Hann segir enn fremur, að samningaviðræður við Rauða krossinn hafi staðið yfir og verði haldið áfram. Ákærði hefur orðið sannur að því að draga sér ofangreinda fjárhæð og brjóta gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Fébotakrafa Rauða kross Íslands er óljós, og er henni vísað frá dómi.

Síðari ákæra:

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við 300.000 krónum af Garðari Jónssyni, sem fara áttu í bílakaup, en ekki notað peningana til þess, heldur hafi þeir farið í rekstur fyrirtækis ákærða. Segist hann hafa fullan vilja til þess að endurgreiða Garðari þessa fjárhæð og leggur áherslu á, að þetta hafi ekki verið gert í sviksamlegum tilgangi. Ákærði hefur orðið sannur að því að draga sér ofangreinda fjárhæð og brjóta gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Garðari Jónssyni, kt. 250358-5639, 300.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. maí 1997 til greiðsludags.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um refsilagabrot áður. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd níu mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðn-

um þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Júlíusson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Framkvæmd 9 mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaga.

Ákærði greiði Halldóri Þ. Birgissyni hdl. f. h. Garðars Jónssonar, kt. 250358-5639, 300.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 15. maí 1997 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

---